



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn, 6. mars 2007

Ákvörðun nr. 7/2007

Kaup 365 miðla ehf. á útvarpsstöðvunum Kiss FM og XFM af Íslenska útvarpsfélaginu ehf.

1.

Með bréfi Sigurðar G. Guðjónssonar hrl., dags. 2. janúar 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna 365 miðla ehf., hér eftir 365, og útvarpsstöðvanna Kiss FM og XFM. Um er að ræða samning milli Íslenska útvarpsfélagsins ehf., hér eftir ÍÚ, og 365 um kaup 365 á öllum útvarpsrekstri ÍÚ, en ÍÚ rak tvær útvarpsstöðvar undir nafninu Kiss FM á tíðninni 89,5 og XFM á tíðninni 91,9. Um er að ræða kaup 365 á öllum tækjum og tólum í eigu ÍÚ sem notuð hafa verið til reksturs útvarpsstöðvanna tveggja, kallmerki útvarpsstöðvanna Kiss FM og XFM auk alls auglýsinga- og kynningarefnis í eigu ÍÚ sem tilheyrir útvarpsstöðvunum tveimur. Þá keyptu 365 „lógó“ útvarpsstöðvanna og nöfn þeirra ásamt netþjóni og útsendingarkerfi. Bréfinu fylgdi kaupsamningur aðila, dags. 29. desember 2006.

Þann 15. janúar barst Samkeppniseftirlitinu formleg tilkynning, dags. sama dag, um ofangreindan samruna frá Einari Þór Sverrissyni hdl. f.h. aðila. Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna¹. Þá fylgdu skránni ýmis gögn um bæði félög, ársreikningur ÍÚ, fyrir árið 2005, yfirlit yfir rekstur ÍÚ fyrir árið 2006 auk ársskýrslu og ársreiknings Dagsbrúnar² fyrir árið 2005, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu beggja félaga. Þá fylgdi fyrrgreindur kaupsamningur aðila, dags. 29. desember 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að 365 miðlar ehf. sé fjölmiðlafyrirtæki sem er í eigu 365 hf. sem er fyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands. Innan 365 miðla sé rekinn fjöldi

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Dagsbrún hf. var í nóvember 2006 skipt upp í tvö félög, Teymi hf. og 365 hf. sem er eignarhaldsfélag 365 miðla ehf.



ljósvaka- og prentmiðla. Um ÍÚ segir að tilgangur félagsins sé rekstur útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Þá segir að ekki sé um að ræða kaup á hlutafélagi með réttindum og skyldum. Eðli samrunans felist í því að 365 kaupi tæki og tól af ÍÚ til reksturs útvarpsstöðva, sem muni nýttast 365 í starfsemi sinni, auk kallmerkja útvarpsstöðvanna Kiss FM og XFM. Stefnt sé að því að halda úti útvarpsstöðvum með viðkomandi kallmerkjum, en engin ákvörðun hafi þó verið tekin þar um. Samkvæmt útvarpslögum, nr. 53/2000 þarf leyfi Útvarpsréttarnefndar til að fá að senda út útvarpsdagskrá, og eru leyfi veitt til fimm ára í senn. Til að geta starfrækt útvarp þarf einnig, að fengnu leyfi Útvarpsréttarnefndar, að fá úthlutað tíðni frá Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. IV. kafla laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Framangreind leyfi séu ekki framseljanleg, og hafi samningur aðila því ekki náð til þeirra atriða, heldur einvörðungu tækjabúnaðar í eigu ÍÚ.

Til viðbótar ofangreindum upplýsingum frá aðilum aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna í því skyni að meta áhrif samrunans.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samningur 365 og ÍÚ muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 29. desember 2006, keyptu 365 miðlar ehf. öll þau tól og tæki sem notuð höfðu verið til reksturs útvarpsstöðvanna Kiss FM og XFM og voru í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf., ásamt kallmerkjum stöðvanna, kynningarefni o.fl. Felur samningur þessi í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

